# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Maí 2025

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag




| | Samfylkingin | Sjálfstæðisflokkurinn | Viðreisn | Miðflokkurinn | Flokkur fólksins | Framsóknarflokkurinn | Sósíalistaflokkur Íslands | Vinstri græn | Píratar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Apríl '25** | **29,4%** | **22,3%** | **13,9%** | **8,9%** | **7,4%** | **6,1%** | **4,7%** | **3,3%** | **3,2%** |
| Mars '25 | 27,0% | 22,4% | 14,6% | 9,3% | 7,7% | 5,7% | 5,4% | 3,3% | 4,0% |
| Kosningar 2024 | 20,8% | 19,4% | 15,8% | 12,1% | 13,8% | 7,8% | 4,0% | 2,3% | 3,0% |

### Stuðningur við ríkisstjórn




### Stuðningur við stjórnarflokka




Kosningar 2024 Mars 2025 Apríl 2025

### Fylgismæling - afstaða




## Samfylkingin í sókn

Helsta breyting á fylgi flokka milli mælinga er að fylgi Samfylkingarinnar eykst um ríflega 2 prósentustig. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu **0-0,8** prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Rösklega **29%** kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag og hefur það hlutfall farið stöðugt hækkandi frá síðustu Alþingiskosningum. Ríflega **22%** kysu Sjálfstæðisflokkinn, nær **14%** Viðreisn, næstum **9%** Miðflokkinn, rösklega **7%** Flokk fólksins, liðlega **6%** Framsóknarflokkinn, tæplega **5%** Sósíalistaflokkinn, rúmlega **3%** Vinstri græn og Pírata og nær **1%** aðra flokka.

Tæplega **6%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og liðlega **12%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Um **66%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

## Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 30. apríl 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.005 og þátttökuhlutfall var 46,7%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,6-1,4%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

**Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.**

**Útgefið af:** Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

**Ábyrgðarmaður:** Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.